

# Stjórnarfundur í Geðhjálp 29.11.19

**Mætt:** Garðar Sölvi Helgason, Halldór Auðar Svansson, Sigríður Gísladóttir, Bergþór Böðvarsson, Sylviane Lecoultre, Silja Björk Björnsdóttir og Einar Kvaran

**Einnig:** Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

1. **Yfirferð og samþykkt fundargerðar síðasta fundar (Grímur/Halldór).**

2. **Klikkuð menning (Grímur).**

Málið rætt.

Framkvæmdastjóri bókar: „Allar skuldbindingar sem stofnað var til vegna Klikkaðrar menningar 2019 urðu til áður en núverandi framkvæmdastjóri kom til starfa.“

3. **Beiðni frá Geðsviði Landspítalans um fulltrúa í skipulagshóp á geðsviði með notendareynslu (Grímur).**

Framkvæmdastjóra greinir frá skipulagshópnum og beiðninni sem Geðhjálp hefur borist um að skipa fulltrúa í hópinn. Meiningin er að eiga virkt notendasamráð við skipulag á geðsviði Landspítalann.

Einar Kvaran rekur mikilvægi þess að skipulag samráðsins sé skýrt og að samráð við notendur snúist um alla liði starfseminnar, þar með talið verklag og hugmyndafræðilegar forsendur starfseminnar. Sylviane tekur undir þetta og segir að tilhneigingin sé allt of gjarnan sú að einbeita sér að húsnæði og innréttingum, en að það sé mikilvægara að huga að samskiptum og hinu mannlega.

Garðar Sölvi lýsir sig reiðubúinn til að taka þátt í skipulagshópi af þessu tagi.

Framkvæmdastjóra er falið að ræða við fulltrúa Landspítalans til að nánari upplýsingar um skipulagshópinn og miðla þeim til stjórnar.

**Klukkan 15:39 tekur Einar Þór Jónsson sæti á fundinum.**

4. **Málþing (Grímur).**

Framkvæmdastjóri greinir frá því að málþing Geðhjálpar með Robin Cathcart-Harris frá Imperial College of London um lækningargildi sílósíbíns verður haldið 12. mars 2020 í sal DeCode.

5. **Önnur mál.**

Rætt um gleðitónleika sem haldnir verða í lýnó 20. desember til minningar um ungt fólk sem tekið hefur sitt eigið líf. Geðhjálp og Pieta-samtökin eru þátttakendur í tónleikunum.

Rætt um beiðni sem Geðhjálp hefur borist um að ganga í hóp þeirra félaga sem standa bak við mótmæli á Austurvelli þann 7. desember. Stjórn telur ekki ástæðu til að Geðhjálp leggi nafn sitt við mótmælin.

**Fundurinn stóð yfir frá 15:05 til 16:05**